



Fundur fjallaskiladeildar Holtamannafréttar haldinn á skrifstofu Ásahrepps að Laugalandi mánudaginn 16. ágúst 2018 kl. 18:00.

Fundinn sátu:

Ísleifur Jónasson formaður, Karl Ölvisson, Örn Ingvarsson, Óskar Ólafsson, Sævar Jónsson, og Valtýr Valtýsson sveitarstjóri sem ritaði fundargerð fjallaskiladeildar.

Gengið til dagskrár:

1. Kosning formanns fjallaskiladeildar.

Ísleifur Jónsson gefur kost á sér til áframhaldandi setu sem formaður fjallaskiladeildar Holtamannafréttar.

Ísleifur Jónsson er kosinn samhljóða sem formaður fjallaskiladeildar Holtamannafréttar.

2. Ákvörðun um réttardag.

Ísleifur lagði fram tillögu að réttardegi.

Samþykkt samhljóða að réttað verði 9. september 2018 og réttir hefjast klukkan 9:00.

3. Ákvörðun um leitarstjórn.

Samþykkt að Ísleifur Jónsson verði leitarstjóri á Búðarhálsi í fyrri leitum og Tyrvingur Sveinsson verði leitarstjóri í seinni leitum.

Karl Ölvisson verður leitarstjóri á Þóristungum.

Leitarstjórum er falið að halda til haga upplýsingum um fjölda fullorðinna kinda og senda á skrifstofu Ásahrepps.

Samþykkt samhljóða.

4. Ákvörðun um laun og þóknanir vegna fjallferða.

Umsjón með leitum	25.800 kr.	á leit.
Ráðskona	18.500 kr.	á dag.
Fjallmaður	10.600 kr.	á dag.
Fjór hjól	15.500 kr.	á dag.
Hestur	950 kr.	á dag.
Fæði	7.200 kr.	á dag.
Bíll	110 kr.	á km.

Tryggingar fjór hjóla eru á ábyrgð eigenda.

Samþykkt samhljóða.

5. Kynning á samráðsfundi vegna smölunar afrétta.

Lögð var fram og kynnt fundargerð samráðsfundar vegna smölunar afrétta sem haldinn var 2. ágúst 2018. Samþykkt var samhljóða að beina því til sveitarstjórna Ásahrepps, Rangárbings ytra og Héraðsnefndar Rangæinga að farið verði í þá vinnu að meta kostnað við hreinsun afrétta þar sem miðað er við að ekki væri ekki rekið á afrétt (hinn svokallaða núllkostnað).

Fundargerð yfirlésin, samþykkt.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 19:00

Ísleifur Jónsson
Sævar Jónsson
Örn Ingvarsson
Óskar Ólafsson
Karl Ölvisson
Valtýr Valtýsson